

LÖG

FORELDRAFÉLAGS HVASSALEITISSKÓLA

1. gr.

Starfsreglur

Lög þessi hafa að geyma reglur sem Foreldrafélag Hvassaleitisskóla starfar eftir, sbr. 2. mgr. 9. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

2. gr.

Nafn og heimili

Félagið heitir Foreldrafélag Hvassaleitisskóla. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur

Tilgangur félagsins er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla, sbr. 1. mgr. 9. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

Unnið skal að tilgangi félagsins m.a. með því að:

- Stuðla að vellíðan nemenda og bættum árangri þeirra með því að auka samskipti foreldra, nemenda og starfsfólks, svo sem með því að skipuleggja samkomur í samstarfi við skólastjórnendur.
- Vera samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna barna í skólanum til að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Móta stefnu félagsins og áherslur í starfi í samráði við skólastjórnendur, skólaráð, bekkjarfulltrúa (fulltrúaráð) og nemendaráð.
- Veita skólanum lið til að efla og bæta aðstæður til náms og alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi.
- Með því að koma fram fyrir hönd félagsins gagnvart stjórnvöldum og öðrum til að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Efna til funda og námskeiða um mál er varða málefni nemenda, uppeldis- og skólamál.
- Að taka þátt í samstarfi við skólaráð, önnur foreldrafélög og samtök þeirra.

Það er ekki hlutverk foreldrafélagsins að hlutast til um álitæfni er kunna að rísa á milli einstakra aðila og skólans.

4. gr.

Félagsmenn

Foreldrar og forráðamenn barna í Hvassaleitisskóla eiga rétt á og eru sjálfkrafa aðilar að félaginu.

5. gr.

Félagsgjöld

Félagsgjöldum er ætlað að standa straum af kostnaði við starfsemi félagsins. Þau skulu ákveðin árlega á aðalfundi.

6. gr.

Félagfundir

Félagfundur fer með æðsta vald félagsins. Fundur skal haldinn samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar eða að kröfu tíunda hluta félagsmanna.

Félagfundur kýs fundarstjóra og fundarritara, sem skráir fundargerð.

Hver félagsmaður á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á félagsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar a.m.k. fjórum dögum fyrir boðaðan félagsfund.

Meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum, nema annað sé ákveðið í starfsreglum þessum.

Aðalfundur skal haldinn árlega í september. Á dagskrá aðalfundar skal m.a. vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði
3. Skýrslur nefnda
4. Reikningar félagsins
5. Kosning formanns og stjórnarmanna
6. Kosning tveggja skoðunarmanna
7. Kosning fulltrúa í skólaráð, sbr. 8. gr. starfsreglna þessara og 2. mgr. 9. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og c-lið
1. mgr. 3. gr. reglugerðar um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008.
8. Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta ár
9. Ákvörðun félagsgjalda
10. Önnur mál

7. gr.

Fundarboð og dagskrá

Stjórn félagsins skal með minnst viku fyrirvara boða til félagsfundar með auglýsingu sem birt er í skólanum, heimasíðu hans eða á annan tryggilegan hátt. Dagskrá skal liggja fyrir eigi síðar en þremur dögum fyrir félagsfund.

8. gr.

Kosning fulltrúa í skólaráð

Tveir fulltrúar foreldra í skólaráði sem starfar samkvæmt 8. gr. grunnskólalaga, sbr. reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008, skulu kosnir á aðalfundi.

Allir foreldrar nemenda eða forráðamenn þeirra eru kjörgengir í skólaráð nema þeir séu starfsfólk Hvassaleitisskóla eða sitji sem kjörnir fulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur.

Stjórn félagsins skal auglýsa eftir framboðum í skólaráð strax í upphafi skólaárs. Í auglýsingu skal kynna hlutverk skólaráðs, reglur sem gilda um kosningu þess og hvert skuli skila framboðum. Framboðum skal lýst fyrir tiltekinn framboðsfrest sem stjórn ákveður og skal vera a.m.k. einni viku fyrir aðalfund. Með fundarboði til aðalfundar skal fylgja kynning á frambjóðendum. Frambjóðendur skulu jafnframt kynntir á heimasíðu skólans a.m.k. viku fyrir aðalfund.

Þegar kosið er í fyrsta sinn í skólaráð er annar fulltrúi foreldra kosinn til eins árs og hinn til tveggja ára. Varamenn skal kjósa í samræmi við það.

Óheimilt er að sami fulltrúi foreldra sitji lengur en fjögur ár samfelld í skólaráði.

9. gr.

Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð a.m.k. fimm foreldrum/forráðamönnum. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn, tveir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt. Leitast skal við að haga stjórnarkjöri þannig að í stjórn sitji foreldrar barna af yngsta, mið og unglunga stigi og kynjahlutföll séu sem jöfnust. Formaður er kosinn á aðalfundi en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum og velur a.m.k. varaformann, gjaldkera og ritara.

Stjórn félagsins getur óskað eftir því við skólastjóra að hann tilnefni fulltrúa úr röðum kennara til að sitja fundi stjórnar eftir því sem stjórn telur þörf á.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Fund skal halda komi um það ósk frá stjórnarmanni. Stjórnarfundi skal boða með tryggilegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

Stjórn félagsins tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess.

Stjórn félagsins skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns nægileg til þess.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef meiri hluti stjórnarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns (varaformanns) úrslitum.

Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í fundargerð sem staðfestar skulu af stjórn.

10. gr.

Bekkjarfulltrúar/fulltrúaráð

Skipaðir skulu a.m.k. tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk í skólanum sem skulu hafa umsjón með samstarfi foreldra í samræmi við tilgang foreldrafélagsins og í samráði við umsjónarkennara.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan bekkjarins.

Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð félagsins sem stjórnin getur kallað saman eins oft og þurfa þykir til samráðs um málefni félagsins.

Foreldrar barna í 1. bekk skulu á fyrsta foreldrafundi í bekknum kjósa tvo fulltrúa í hvorri bekkjardeild sem bekkjarfulltrúa. Bekkjarfulltrúar allra bekkjardeilda skulu, í september ár hvert eftir það, hafa forgöngu um kosningu eða val nýrra fulltrúa bekkjarins og tilkynna stjórn félagsins um fulltrúaskipti.

Í upphafi skólaárs, eigi síðar en 30. september, boðar formaður félagsins bekkjarfulltrúa til fundar með stjórn félagsins til samráðs um starfsáætlun félagsins og störf bekkjarfulltrúa. Stjórn er heimilt að veita bekkjarfulltrúum leiðbeinandi tilmæli, svo sem um störf vinnuhópa. Fundir bekkjarfulltrúa með stjórn félagsins skulu vera a.m.k. tveir á ári og sér stjórn félagsins um boðun fundanna og undirbúning.

11. gr.

Nefndir og faghópar

Félagsfundi og stjórn er heimilt að skipa nefndir og faghópa til að vinna að undirbúningi og framkvæmd tiltekinna verkefna.

12. gr.

Reikningar félagsins og reikningsár

Reikningar skulu áritaðir af skoðunarmönnum félagsins. Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst.

13. gr.

Breytingar á starfsreglum og félagsslit

Tillaga um breytingar á starfsreglum þessum skal tekin til meðferðar á félagsfundi og skal efni hennar lýst í dagskrá.

Samþykkti 2/3 fundarmanna á félagsfundi þarf til að breyta starfsreglum félagsins.

Tillaga um slit félagsins skal sæta sömu meðferð og tillaga um breytingar á starfsreglum þessum. Á þeim fundi skal þá jafnframt tekin ákvörðun um hvernig farið skuli með eignir og skuldir félagsins sem eingöngu verður ráðstafað í samræmi við tilgang félagsins.

Þannig samþykkt á stofnfundi Foreldrafélags Hvassaleitisskóla 10. nóvember 2020